

-----  
N O R Ð F I R Ð I N G U R  
-----

1.tölublað 1980 4.árgangur.  
-----

SÓLARKAFFI NORÐFIRÐINGAFÉLAGSINS  
verður að þessu sinni haldið  
í Átthagasal Hótel Sögu sunnu-  
daginn 27.janúar og hefst kl.  
15:00.

Verð kr. 2.100.-

-----  
Viðtakandi:

Sólarkaffi félagsins verður að þessu sinni haldið að hóteli Sögu Átthagasal, sunnudaginn 27. janúar og hefst kl. 15:00.

Þar fáum við rjómapönnukökur og annað góðgæti með kaffinu.

Myndasafn félagsins liggur frammi og auk þess verða sýndar myndir sem Karl Hjelm hefur tekið fyrir austan, en Karl er einhver mesti áhugaljósmyndari Norðfjarðar.

Auk þess gefum við okkar að sjálfsögðu góðan tíma til að rabba saman, enda er sólarkaffið kannski fyrst og fremst hugsað til þess að vinir og kunningjar hittist og gefi sér tíma til að spjalla saman yfir kaffibolla.

Á síðasta sólarkaffi komu á þriðja hundrað manns, og eigum við ekki að slá það met okkar núna. Hótelið lofar að sjá öllum fyrir nægu kaffi og meðlæti, svo nú er bara að hittast sem flest á kaffinu.

Aðalfundur félagsins var að þessu sinni haldinn í Átthagasal Hótel Sögu sunnudagskvöldið 25. nóvember.

Því miður var fundurinn ekki nógu fjölmennur.

Á fundinum kom fram að hagrur félagsins er nokkuð góður, og peningaeign félagsins um 300.000.

Úr stjórn félagsins gengu:  
Garðar Sveinn Arnason, Elsa Kristinsdóttir, Hermann Sveinbjörns son og Guðmundur Björgvinsson.

Stjórn félagsins skipa nú:  
Friðrik Guðmundsson, formaður  
Guðlaug Guðjónsdóttir, ritari  
Ólína Þorleifsdóttir, gjaldkeri  
Eiríkur Stefánsson,  
Hulda Aðalsteinsdóttir,  
Sigurlaug Þorleifsdóttir,  
Baldur Karlsson.

Gerð var sú lagabreyting að í stað 5 aðalmanna og 2 varamanna skulu vera 7 aðalmenn. Ennfremur að enginn geti verið lengur en 3 ár formaður samfleytt.

SÖGURIT NORÐFJARÐAR.

Nú stendur yfir söfnun gagna í Sögurit Norðfjarðar, sem þeir Ögmundur Helgason og Smári Geirsson eru ritstjórar að.

Til þess að rit þetta nái tilgangi sínum til fullnustu er afar áriðandi fyrir ritstjórana að öll gögn, bæði ritaðar heimildir og myndir, frá eldri dögum, berist fyrir þeirra auglit.

Það er því ósk Norðfirðingafélagsins að félagsmenn leiti nú í fórum sínum, og láti formann félagsins vita, í síma 39765, ef þeir telja sig hafa undir höndum eitthvað sem að gagni má koma.

Munum að það getur verið undir okkur komið, ekki síður en þeim er heima búa, að rit þetta nái tilgangi sínum til fulls.

-----  
NORÐFIRÐINGUR.

Útgefandi: Norðfirðingafélagið  
Box 5082 , 125 R.

Ritstjóri: Garðar Sveinn Árnason.